

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Vegagerðin Sauðárkrókur



<b>Dags eftirlits</b>	6.4.2022	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Guðbjörg Stella Árnadóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Vegagerðin	<b>Eftirlitsmaður</b>	Guðbjörg Stella Árnadóttir
<b>Heimili</b>	Borgarsíða 8	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	680269-2899	<b>Flokkur</b>	Olía
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Viglundur Rúnar Pétursson	<b>ÍSAT nr.</b>	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Haraldur Sigurðsson	<b>Staðsetning</b>	

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram við eftirlit er varðar geymslu efnabamba með lífolíu utan lekaheldrar þróar. Ein ábending var sett fram í eftirlitinu er varðar göt á girðingu um stöðina.

### UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Um er að ræða bikbirgðastöð á Hafnarsvæði Sauðárkrókshafnar. Einn 9.600 m<sup>3</sup> geymir er í stöðinni sem geymir asphalt og annar minni 45.000L geymir sem geymir lífolíu en geymdi áður whitspritt. Stöðin er byggð árið 1999 og voru geymarnir þá teknir í notkun. Árið 2018 var svo þriðja geyminum bætt við í stöðinni og er hann ætlaður fyrir TPH viðloðunarefni og er 10.000L að stærð. Geymirinn er einangraður og er fyllt á hann úr 1.000L bömbum með lyftara eða beint af tankbíl.

#### Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.
- Breytingar á rekstri
- Verkstjórn og þjálfun
- Frágangur birgðageyma, löngun og frárennsli
- Innra eftirlit og vöktun
- Eftirlitsmælingar
- Skráningar
- Skráning á geymum og lögnum 2022 – meðfylgjandi skjal yfirfarið og uppfært
- Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar - kynning
- Efnanotkun við hreinsun olíuóhappa - kynning
- Stjórnvaldssektir - kynning
- Önnur mál
- Skoðun á útisvæði

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því. Engin frávik komu fram í síðasta eftirliti, árið 2020 og engar ábendingar voru gerðar. Áhættumat 2022 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu. Engin breyting á tíðni eftirlits er gerð á milli ára og er áfram gert ráð fyrir vettvangsheimsókn annað hvert ár, eða eftirlitsflokk C.

Engar breytingar hafa verið gerðar á stöðinni, aðrar en þær sem gerðar voru af kröfu eftirlitsaðila, frá síðasta eftirliti og engar breytingar eru fyrirhugaðar.

Lítill sem enginn úrgangur fellur til í stöðinni en fara starfsmenn sjálfir með olíumengaðan úrgang sem til fellur s.s. umbúðir og rakadræg efni til móttökustöðvar Flokku.

Áætlun vegna rekstrarstöðvunar, áhættumat, viðbragðsáætlun, verklagsreglur um löndun olíu og afrit af starfsleyfi og öryggisblöð fyrir þau efni sem notuð eru á staðnum, voru aðgengileg í rekstrarhandbók. Daglegar skráningar og viðhaldskráningar eru færðar í dagbók.

Olíuskilja var hreinsuð þann 7. maí sl. Mælingar í frárennsli voru síðast gerðar þann 28. október 2020 og

mældist magn olíu í fráveitu undir greiningarmörkum sem eru 5 mg/L, en miðað er við að magn olíu í fráveitu frá olíuskilju innan við 15 mg/L. Asfaltgeymir og lífolíugeymir voru botnþykktarmældir árið 2016 og er næsta mæling því áætluð árið 2026. Upplýsingar um TPH geyminn liggja ekki fyrir og er rekstraraðili minntur á að senda þær upplýsingar til eftirlitsaðila við fyrsta tækifæri.

Minnt er á að gera þarf þrýstipróf á lögnum á a.m.k. fimm ára fresti og er komið að prófun nú í ár en síðast var lögnin prófuð árið 2017. Ein löndunarlögn er í stöðinni.

Rekstraraðili sendir eftirlitsaðila uppfært tryggingaskírteini fyrir tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda skv. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda um leið og það liggur fyrir.

Gengið var um stöðina og afgangsluþlan, lekaheld þró og lóð skoðuð. Gerð er athugasemd við tvö göt sem komið hafa á girðingu kringum stöðina en auðvelt er að laga þau og sendir rekstraraðili myndir af viðgerðinni til eftirlitsaðila að henni lokinni, því til staðfestingar. Ekki eru gerðar aðrar athugasemdir um stöðina og er hún snyrtileg á að líta.

#### Frávik frá

#### Lýsing á fráviki

**Gr. 2.1 starfsleyfis og 50. og 52. gr. reglugerðar nr. 884/2017** Töluvert magn efnabamba sem innihalda lífolíu voru á plani stöðvarinnar en engin lekaheld þró var um bambana. Gæta þarf þess að engin spilliefni séu geymd utan þróar eða lekabytta og rekstraraðili því hvattur til að genga frá bömbunum á viðunandi hátt við allra fyrsta tækifæri.



## ÁBENDINGAR

Bent er á að tvö göt sem eru komin á girðingu umhverfis stöðina skuli laga sem fyrst. Ekki er um stór göt að ræða en þó þannig að girðingin er ekki mannheld en skv. gr.

## ANNAD

Farið var yfir sniðmát áætlunar vegna rekstrarstöðvunar og rekstraraðili beðinn um að hafa það til hliðsjónar við næstu uppfærslu áætlunarinnar. Einnig var kynning um stjórnvaldssektir send með fundarboðinu og rekstraraðili beðin um að kynna sér hana.

Engar kvartanir hafa borist, hvorki rekstraraðila né eftirlitsaðila frá síðasta eftirliti. Eitt mengunaróhapp hefur orðið frá síðasta eftirliti en um 620kg af asfalti fór á afgreiðsluplanið. Var efninu mokað upp í kar og flutt til móttökustöðvar Flokku. Engin ummerki var að sjá á afgreiðsluplaninu og hreinsun hefur tekist vel.

Reykjavík, 10.05.2022

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

  
Guðbjörg Stella Árnadóttir

